


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009		
Höfundur: GLÁ	Smí 194 Kennsluáætlun vorönn 2010	
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

Kennari	Hörður Óskarsson - Kristín Petra Guðmundsdóttir	Sk.st.	HSK-KPG
----------------	---	---------------	---------

Áfangalýsing: Nemendum er kynnt almennt málsmíðaverkstæði, hvað það inniheldur, sem og helstu umgengis og öryggisreglur. Þá er farið yfir og kennd meðferð og notkun, helstu handverkfæra og einföldustu tækja til smíða, svo og algeng mælitæki, sem notuð eru í málmiðnaði. Kennd eru undirstöðuatriði í lestri merkja, saga, sverfa, bora, snitta, slípa, o.s.frv. sem og notkun handbóka og taflna.


Áfangalýsing: Nemendur kunni skil á vinnsluhætti rennibekkja, borvéla og hafa fullkomið vald á öryggismálum og umhirðu þessara spóntökuvéla, sem og annara tækja, véla og verkfæra sem unnið er með. Nemendur öðlast nægilega færni til að leysa einföld verkefni í rennibekk. Farið er yfir grunnþætti í þunnplötusmíði, helstu verkfæri og vélar, þannig að neminn geti smíðað einfalda hluti. Samhliða kennslunni fer fram fræðsla um slyshættu og öryggisþætti á vinnustað.

Gerð er grein fyrir notkun acetylengass og súrefnis til málmsuðu og logskurðar. Allir hlutar logsuðutækja og notkunarsvið þeirra yfirfarnir. Verklegar æfingar við lárétta og lóðrétta logsuðu á plötum og logskurð. Lóðun með kopar og silfurslaglóði. Gerðir rafsúðuvéla kynntar, eiginleikar þeirra og notkunarsvið. Farið rækilega í öryggisþætti varðandi rafsúðu og logsuðu.

Markmið: Að gefa nemendum kost á að kynnast mámiðnaði, vera undir aga og vinna.

Námsgögn: Í smíðahlutanum fer fram í byrjun ákveðin kynningarvinna á mælitækjum, handverkfærum og vélum. Farið er vel yfir öll öryggisatriði.

Teiknilestur kenndur og farið yfir teikningar af verkefni sem þeim er ætlað að vinna, en það er sniðstokkur. Þunnplötusmíði er kynnt lítillega og þar er smíðuð lítil skúffa. Í suðuhlutanum er farið vel yfir allan búnað er viðkemur suðu og þá sérstaklega logsuðu. Allur öryggisbúnaður rækilega kynntur mjög vel gert grein fyrir þeim hættum sem geta verið samfara suðu. Ákveðin verkefni frá kennara sem þarf að skila fyrir annarlök eru síðan kynnt eitt af öðru, eftir því sem á líður.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009	Smí 194 Kennsluáætlun vorönn 2010	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		

Áætlun um yfirferð: Hver nemandi vinnur að verkefnum sínum eftir því sem vélar og tæki leyfa og dreifist það þannig að nemendur vinna mismunandi verkþætti í hverri viku. Því er ekki hægt að gefa upp nákvæma vikuáætlun.

Námsmat	Lýsing	Vægi
Verklegt	Verklegt lokapróf	25%
Frammistaða á önn	Mat á vetrarstarfi	75%

Við mat á vetrarstarfi er sérstaklega tekið tillit til eftirfarandi atriða:

- a) Heildarmat á frágengnu verkefni
- b) Verkefnisframkvæmd og nákvæmni
- c) Frágangur og uppsetning
- d) Ástundun og verkefnaskil
- e) Umgengni um verkfæri og vinnustað

Annað.

90% Viðvera í kennlustundum er forsenda þess að nemandi fái að stunda nám í áfanganum, fari nemandi undir þau mörk er litið svo á að hann hafi sagt sig úr áfanganum.

Sé nemandi vísað úr áfanganum vegna fjarvista getur hann aðeins sótt um heimild hjá kennara til að taka próf og halda áfram námi í áfanganum með framvísun vottorðs frá lækni eða víðlíka. Verður sú umskókn að koma fram ekki seinna en sex dögum eftir að nemandi fór yfir fjarvistamörk.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils